REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2026/176 **2026/EES/36/04**

frá 26. janúar 2026

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar umbreytingarráðstafanir varðandi útflutning á kjöt- og beinamjöli sem eldsneyti til brennslu (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) ([1]), einkum 3. mgr. 43. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1069/2009 er mælt fyrir um reglur um söfnun og förgun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða. Í 12. gr., í tengslum við 2. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar er mælt fyrir um að kjöt- og beinamjöli í 1. flokki ætti að farga með brennslu, sambrennslu, bruna eða urðun eða nota það sem eldsneyti til brennslu. Í 43. gr. þeirrar reglugerðar er mælt fyrir um reglur um útflutning aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða.

2) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ([2]) er mælt fyrir um reglur um heilbrigði dýra og manna er varða setningu aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða á markað og útflutning þeirra. Í V. kafla XIV. viðauka við þá reglugerð er mælt fyrir um reglur um útflutning á sérstökum afleiddum afurðum, þ.m.t. kjöt- og beinamjöli úr efni í 1. flokki sem er ætlað sem eldsneyti til brennslu.

3) Árið 2021 greindu lögbær yfirvöld Írlands frá því að þau væru að byggja stöðvar til brennslu kjöt- og beinamjöls. Þau óskuðu eftir því að hefðbundið viðskiptaflæði með kjöt- og beinamjöl úr efni í 1. flokki, sem ætlunin er að farga í Breska konungsríkinu, yrði leyft á umbreytingartímabili. Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/899 ([3]) veitti framkvæmdastjórnin undanþáguna sem óskað var eftir til 31. desember 2023.

4) Lögbær yfirvöld Írlands upplýstu framkvæmdastjórnina 2023 um að nokkrar tafir við áætlanagerð hafi truflað fyrirséða tímalínu fyrir byggingu. Því framlengdi framkvæmdastjórnin umbreytingartímabilið til 30. júní 2025 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2613 ([4]).

5) Í byrjun júní árið 2025 upplýstu lögbær yfirvöld Írlands framkvæmdastjórnina um að vegna uppsafnaðra tafa við byggingu stöðvanna þyrfti tvö ár í viðbót til að ljúka eigin brennsluafköstum fyrir förgun kjöt- og beinamjöls. Því er rétt að framlengja umbreytingartímabilið enn frekar til 30. júní 2027. Framkvæmdastjórnin telur að þetta tímabil ætti að vera viðeigandi til að ljúka byggingu stöðvanna.

6) Því ætti að breyta V. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L, 2026/176, 27.1.2026. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2026 frá 30. apríl 2026 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (síður birtingar).

([1]) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2009/1069/oj.

([2]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2011/142/oj).

([3]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/899 frá 3. júní 2021 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar umbreytingarráðstafanir varðandi útflutning á kjöt- og beinamjöli sem eldsneyti til brennslu (Stjtíð. ESB L 197, 4.6.2021, bls. 68, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2021/899/oj).

([4]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/2613 frá 23. nóvember 2023 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar umbreytingarráðstafanir varðandi útflutning á kjöt- og beinamjöli sem eldsneyti til brennslu (Stjtíð. ESB L 2023/2613, 24.11.2023, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg/2023/2613/oj).

7) Þessi reglugerð ætti að koma til framkvæmda frá og með 1. júlí 2025 til að tryggja samfellu milli fyrra umbreytingartímabilsins og umbreytingartímabilsins sem kveðið er á um í þessari reglugerð, sem og til að tryggja réttaröryggi varðandi útflutning kjöt- og beinamjöls frá Írlandi til Breska konungsríkisins.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2025.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. janúar 2026.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað a-liðar í þriðja dálki 3. línu í töflunni í V. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 kemur eftirfarandi:

„a) lögbært yfirvald Írlands hefur heimilað útflutninginn til brennsluversins í Breska konungsríkinu eigi síðar en 30. júní 2027 að því tilskildu að slíkur tilflutningur á kjöt- og beinamjöli úr efni í 1. flokki, sem er ætlað til förgunar, hafi átt sér stað frá viðkomandi aðildarríki fyrir 1. janúar 2021 við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 6., 7. og 8. mgr. 6. gr.“